



# Jafnréttisstarf

## í Menntaskólanum að Laugarvatni

### skólaárið 2019-2020

Skýrsla jafnréttisfulltrúa

*Freyja Rós Haraldsdóttir*

*Laugarvatni, júní 2020*

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Mörk, samskipti og karlmennska .....	2
Fyrirlestur um jákvæða líkamsímynd í boði FOMEL.....	2
Málþing kynjafræðinema .....	3
Endurskoðun jafnréttisáætlunar .....	3
Jafnlaunavottun .....	4
Mímír.....	5
Fundargerðir .....	5
Leikritið .....	7
Útvarp Benjamín .....	7
Dansað gegn ofbeldi og sjúk ást.....	8
Skræðan .....	8
Hef gátlistinn .....	9
Kynjahlutföllí ML á skólanefndarfundum .....	10
Kyngreindar upplýsingar .....	10
Nemendur – kynjahlutföll .....	10
Starfsfólk og kennarar – kynjahlutföll.....	11
Stjórn nemendafélagsins - kynjahlutföll.....	12
Áfram gakk .....	13
Viðauki 1 – Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun Mímisveturinn 2019-2020.....	14
Viðauki 2 – Kynjahlutföll í ML, glærur af skólanefndarfundum 20. maí 2020.....	15
Viðauki 3 - Jafnréttisáætlun ML 2020-2023.....	17
Viðauki 4 - Gátlisti Hef fyrir jafnrétti og kynheilbrigði .....	25

## Inngangur

Í vetur gegndi Freyja Rós Haraldsdóttir stöðu verkefnastjóra sem jafnréttisfulltrúi Halldór Páll Halldórsson skólameistari ber ábyrgð á jafnréttisstarfi í Menntaskólanum að Laugarvatni og Karen Dögg Bryndísardóttir situr í jafnréttisráði.

Rétt er að áréttu að jafnréttisnefnd er hópur í Office365 og í skjölum hópsins eru gögn varðveitt og viðhaldið. Jafnréttisfulltrúi uppfærir meðlimi hópsins þegar breytingar verða.

Hér verður stiklað á því helsta sem jafnréttisráð og jafnréttisnefnd Mímis stóð fyrir á árinu ásamt venjubundinni samantekt á kyngreindri tölfæði og vangaveltum um framhaldið.

## Mörk, samskipti og karlmennska

Haustið byrjaði vel þar sem Karen Dögg fylgdi eftir því sem hún hafði byrjað að skipuleggja um vorið þegar hún gegndi hlutverki jafnréttisfulltrúa. Tekið af ml.is:

Við byrjuðum skólaárið með stæl og fengum til okkar frábæra fyrirlesara sem nemendur og starfsfólk fengu að njóta.

Þorsteinn V. Einarsson fjallaði um Karlmennskuna og hvaða gjald strákar borga fyrir það að þurfa alltaf að vera stórir og sterkir til að mynda. Sólborg Guðbrandsdóttir sagði okkur frá Instagram síðunni sinni Fávitar! Þar vekur hún athygli á kynferðislegri áreitni á netinu og það er óhuggulegt að sjá mörg skilaboðin sem ungar stúlkur eru að fá. Einnig hefur þetta reynst öruggur vettvangur fyrir karlmenn að tjá sig um áreitni gagnvart sér því þarna er allt nafnlaust og hægt að tjá sig með trúnaði. Mjög verðug málefni. Bæði eru þau samfélagsmiðla aktivistar og hafa vakið athygli á jafnréttismálum.

Óhætt er að segja að mikil ánægja var með þennan viðburð og þau sjálf hafa ákveðið að auglýsa sig saman eftir heimsóknina til okkar. Við mælum hiklaust með þeim.

Karen Dögg félagsvísindakennari

Hér er viðtal við fyrirlesarana: [https://www.frettabladid.is/lifid/favitar-og-karlmennskan-sameinast/?fbclid=IwAR1nXVYN83k5R\\_OpJlEzuZJw64-VZ-ytswdz4Rdb5TA\\_DJ4KkyuY1TqcQ90](https://www.frettabladid.is/lifid/favitar-og-karlmennskan-sameinast/?fbclid=IwAR1nXVYN83k5R_OpJlEzuZJw64-VZ-ytswdz4Rdb5TA_DJ4KkyuY1TqcQ90)



## Fyrirlestur um jákvæða líkamsmynd í boði FOMEL

Erna Kristín Stefánsdóttir guðfræðingur og talskona fyrir jákvæða líkamsmynd kom í boði FOMEL (foreldrafélags Menntaskólans að Laugarvatni) og hélt fyrirlestur um jákvæða líkamsmynd.

Útlitspressan og óraunhæfar staðalmyndir snerta kynin á mimunandi hátt og jafnréttisnefnd fagnar þessari umfjöllun. Erna Kristín, sem skrifaði bókina Fullkomlega ófullkomin, talaði um skref sem geta fært okkur í áttina að jákvæðri líkamsmynd. Í lokin fengu allir bókina að gjöf.

## Málþing kynjafræðinema

Með kennslu kynjafræði á fyrsta ári er tryggt að allir nemendur fá góða fræðslu um sögu jafnréttisbaráttu, stöðu kynjanna, hinseginmálefni, margþætta mismunun, aðgerðir í jafnréttisstarfi, samþykki og mörk í kynlífi og fleira.

Tekið af ml.is:

Nemendur á fyrsta ári fóru á Málþing fyrir kynjafræðinema í framhaldsskólum fimmtudaginn 7. nóvember frá 14:00 til 15:30. Málþingið var haldið í Skriðu, fyrirlestrasal Kennaraháskólans í Stakkahlíð. Námsbraut í kynjafræði við Háskóla Íslands og kynjafræðikennarar í framhaldsskólum buðu upp á þrjú erindi sem tengdust kynheilbrigði. Ferðin var liður í kynjafræðiáfanganum sem allir nemendur taka á fyrsta ári í ML.



Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir verkefnastjóri Jafnréttisskólans og Þórður Kristinsson kennari í Kvennó héldu erindi um *kynlífsmenningu ungmenna*. Klám og klámvæðing kom þar mikið við sögu. *Hinsegin kynheilbrigði, allt sem við hefðum viljað vita*, var yfirskriftin á framsögu Bjarnðísar Helgu Tómasdóttur ritari Samtakanna '78 og Unnsteins Jóhannssonar varaformanns Samtakanna '78. Þau voru á einlægum nótum og deildu sinni reynslu. Að lokum talaði Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir verkefnastýra hjá Stígamótum um mörk óheilbrigðra og heilbrigðra samskipta meðal ungs fólks. Það tengdist verkefninu Sjúk ást og [vefsíðunni](#) sem því fylgir.

Afskaplega mikilvæg umfjöllunarefni sem þarna voru á dagskrá og nemendur lánsöm að fá fræðslu frá þessum góðu fyrirlesurum.

Freyja Rós Haraldsdóttir, kynjafræðikennari

## Endurskoðun jafnréttisáætlunar

Jafnréttisáætlun skólans var endurskoðuð og gildir frá 2020-2023 (sjá í viðauka en hún hefur ekki enn verið birt á vef skólans). Halldór Páll, Karen Dögg og Freyja funduðu um nýja áætlun. Helstu nýmæli í aðgerðum eru:

- Kennarar svari kennarakvarða á sjalfsmatskvardi.is í október 2021 og aftur í mars 2022.
- Taka ljósmyndir og setja inn lýsingar á aðgengi. Hvar eru hindranir? Hvar er lyfta? Hvar er rampur? Hvar er ekki hægt að komast?
- Haldnir reglulegir fundir þar sem kynjasamþætting í skólastarfinu er rædd (í október og febrúar).

Arnfríður Aðalsteinsdóttir sendi samþykki 11. febrúar: “Jafnréttisstofa hefur mótttekið og yfirfarið jafnréttisáætlun Menntaskólans á Laugarvatni og metur það svo að áætlunin uppfylli kröfur laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.”

Jafnréttisstofa sinnir hlutverki sínu með sóma og fór fram á eftirfarandi um leið og innt var eftir gildandi jafnréttisáætlun (úr tölvupósti 17. desember 2019):

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að lögum nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla sé framfylgt. Í ljósi þess kallar Jafnréttisstofa eftir jafnréttisáætlun skólans,

ásamt aðgerðaáætlun. Jafnréttisstofa óskar einnig eftir upplýsingum um hvernig skólinn uppfyllir 23. gr. laganna *menntun og skólastarf* og 22. gr. er snýr að *kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni*.

Svarið var m.a. svohljóðandi (3. janúar 2020):

Við uppfyllum 23. greinina m.a. með því að kenna kynjafræði sem skyldufag fyrir alla nemendur. Einnig með því að vera með launaðan jafnréttisfulltrúa, virkt jafnréttisstarf með nemendafélaginu og með því að hafa jafnréttismál iðulega á dagskrá í okkar skólstarfi (sjá í viðhengi skýrslu um jafnréttisstarf í ML 2018-2019).

22. gr. laganna mætum við með [Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi](#). Vandað var til vinnunnar við hana vorið 2018 og hún verður endurskoðuð að ári, vorið 2021. [Hér](#) má sjá eitt dæmi um vel heppnaða fræðslu og einnig er vert að segja frá því að allir fyrsta árs nemar sóttu [málþing kynjafræðinema](#) 7. nóvember síðastliðinn. Jafnréttisnefnd Mímis (nemendafélagsins) hyggst taka þátt í verkefninu Sjúk ást í febrúar.

## Jafnlaunavottun

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því hvort framhaldsskólar eru að vinna að því að taka upp jafnlaunakerfi. Verkefnið er ekki á höndum jafnréttisfulltrúa en þar sem það vill svo til að undirrituð er með puttana í því vegna annarra starfa við skólann þá er hér tæpt á stöðu mála.

Úr bréfi til Jafnréttisstofu 8. janúar 2020:

*Menntaskólinn að Laugarvatni hefur hafið vinnu við jafnlaunavottun. Skólameistari og verkefnastjóri gæðamála hafa sótt námskeið um jafnlaunavottun hjá EHÍ (um kynningu á staðlinum og gæðastjórnun og skjölun) og munu sækja fleiri því tengt á næstu mánuðum (um gerð verklagsreglna, starfaflokkun og launagreiningu). Þessa dagana innleiðum við skjalavistunarkerfi og gæðahandbók, jafnlaunastefna er í vinnslu og jafnréttisáætlunin í endurskoðun, svo dæmi séu nefnd.*

*Markmiðið er að ljúka jafnlaunavottun skólans á þessari önn.*

*Enn höfum við ekki samið við vottunaraðila en það er eitt af því sem verður gert á næstu vikum.*

Úr öðru bréfi 17. mars 2020:

*Við í Menntaskólanum að Laugarvatni erum að vinna að því að taka upp jafnlaunakerfið. Við eigum enn eftir að fá úttektaráætlun hjá Icert en höfum rætt um að forúttekt fari fram í lok september 2020.*

*Námskeið og vinnustofa hjá Endurmenntun HÍ hafa frestast vegna Covid19 en vonandi getum við samt haldið áætlun.*

Staðan í júní 2020:

Halldór Páll mun vinna starfslýsingar áfram í ágúst. Jóna Katrín og Freyja Rós munu vinna að starfaflokkun í haust. Áformuð er forúttekt iCert vottunarstofu í september.

## Mímír

Jafnréttisfulltrúar Mímis: Jóhanna Sigrún Haraldsdóttir og Andrea Sigurðardóttir. Við tóku í febrúar: Ingibjörg Gísladóttir og Sigurlinn María Sigurðardóttir. Stallari Þorfinnur Freyr Þórarinsson var einnig í facebook-hópnum og stallari í kjölfarið, Kristján Bjarni R. Indriðason.

Jafnréttisáætlun Mímis er í viðauka. Eins og gengur þá gekk misvel að ná markmiðunum – en margt vannst! Skallinn, dragkeppni, var haldin og þátttaka að venju góð. Sama dag voru hengdir upp litlir miðar sem vísuðu á heimasíðuna ötila.is. Hengt var upp plakati með kynjahlutföllum í embættum Mímis fyrir kosningarnar. Um annað sem var gert (eða ekki gert) má lesa í fundargerðunum sem fylgja hér á eftir og umfjöllun um leikritið, Útvarp Benjamín og fleira.

## Fundargerðir

Fundargerðir voru ritaðar/vistaðar á OneNote svæði jafnréttisnefndar í Office365.

### Fundargerð fyrsta fundar

3. október 2019

Andrea, Jóhanna, Freyja og Karen Dögg hittust á kennarastofunni kl. 15:10.

Freyja ritar fundargerð.

Spjall um það sem var gert í fyrra og um veturinn framundan. Ákveðið var að hafa fyrsta fundinn fámennan, spá í skipulaginu o.fl. Keyra svo starfið almennilega í gang á næsta fundi sem vonandi verður fjölmennur.

Fyrst ber að nefna að haustið byrjaði vel, með fyrirlestri Þorsteins og Sólborgar um mörk, samskipti og karmennsku. Nemendur, starfsfólk og unglingastig grunnskólans hlýddu á.

Svokölluð öskurkeppni er á næsta leiti. Andrea og Jóhanna munu ræða við skipuleggjendur um að brýnt verði fyrir öllum að hafa aðgát og virðingu að leiðarljósi. Þetta á að vera gaman, fólk á ekki að þola ofbeldi á svona uppákomu.

Áður hefur verið rætt um að hengja upp kyngreindar upplýsingar um embætti stjórnarinnar. Freyja mun taka saman upplýsingarnar og við finnum leið til að setja flott upp. Þegar líður að kosningum mætti ef til vill fara í hvatningarherferð - finna efnilega einstaklinga sem myndu standa sig vel í embætti og gætu brotið upp hefðbundin kynjamynstur.

Almennar umræður um Míming og hvort réttlæt看legt sé að halda úti slíkum fjölmiðli. Hvað með persónuverndarlög? Á eitthvað annað við um unglunga og framhaldsskólafélag heldur en fullorðið fólk og vinnustað? Má miðla svo persónulegum upplýsingum um fólk án þeirra samþykkis? Væri hægt að hafa annarskonar miðil sem bryti ekki gegn persónuvernd en væri skemmtilegur, upplýsandi, sniðugur? Ræddum einnig varðveislu Mímings á bókasafninu, það þarf að skoða. Ýmis sjónarmið rædd.

Manna þarf nefndina. Hver var í nefnd í fyrra (sem eru enn í skólanum)?

Sigurlinn María 2N

Karen Hekla 2F

Sóldís Fannberg 2F

Guðný Helga 2F

Sindri 2N

Þorfinnur 3N

Elí 3F

Ragnheiður 3N

Fyrsti bekkur - Freyja auglýsir

Mikilvægt að það séu fastir aðilar sem bera ábyrgð á jafnréttisstarfinu og mæta helst alltaf á fundi. Ef fleiri eru virkir þá er það líka frábært. Stefnum á fund mánudaginn 4. nóvember. Hann verður vel auglýstur og í leiðinni vakin athygli á hlutverki jafnréttis- og skólaráðsfulltrúa og nemendur hvattir til að leita til þeirra varðandi jafnréttismál.

Fundi slitið 15:50.

## Fundargerð annars fundar

### Jafnréttisfundur fimmtudaginn 14. nóvember 2019

Mætt voru: Jóhanna Sigrún Haraldsdóttir, Birkir Hreimur Birkisson, Ragnheiður Guðjónsdóttir, Þorfinnur Freyr Þórarinnsson, Sindri Bernholt, Karen Hekla Grönlí, Sigurlinn María Sigurðardóttir, Guðný Helga Einarsdóttir, Karen Dögg Bryndísardóttir, Ingibjörg Gísladóttir og Freyja Rós Haraldsdóttir.

Freyja Rós stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Fundurinn fór fram í Stofu íslenskra fræða á bókasafninu klukkan 15:00.

Byrjað var á því að renna yfir fyrri áætlanir og skýrsluna frá síðasta ári.

Þar næst var rætt um markmið og aðgerðir fyrir yfirstandandi skólaár. Þau málefni sem sett voru á oddinn voru fjölmennung, hinsegin málefni, kynfrelsi, kynjaskipting í stjórn Mímis og auglýsingar frá nemendafélaginu. Freyja tók að sér að setja áætlunina upp. Gengið verður frá ábyrgðarhlutverkum í gegnum facebook (þ.e. hver ber ábyrgð á hvaða aðgerð).

Meðal þess sem var ákveðið var að taka aftur þátt í Sjúk ást (nýtt átak verður í febrúar) og Dansað gegn ofbeldi (líka í febrúar). Sjá nánar um þetta og fleira í jafnréttisáætluninni.

Umræður sköpuðust um öskurkeppnina, Míming og busakjöt á aðalfundi.

Einnig veltu fundarmenn vöngum um kynjaskekkju í nemendahópi skólans. Kynningarnefnd er með kynjagleraugun á nefninu og Freyja jafnréttisfulltrúi skólans vinnur að því að taka saman upplýsingar sem verða til umfjöllunar á skólanefndarfundi.

Fundi slitið kl. 15:48.

## Fundargerð þriðja fundar

### Fundað í Baldurshaga klukkan 15:00 fimmtudaginn 23. janúar 2020.

Mætt voru: Sigurlinn, Karen Hekla, Sindri Bernholt, Sóldís Fannberg, Karen Dögg og Freyja Rós.

Fundi stýrði Freyja Rós og ritaði einnig fundargerð.

Rennt yfir drögin að jafnréttisáætlun sem samin voru í haust. Rætt um hvað hefði verið gert og hvað lægi fyrir. Lokið við að setja niður ábyrgðaraðila við hvert markmið. Áætlunin verður prentuð út og hengd upp á góðum stað svo hún sé sýnileg öllum nemendum.

Skallinn er í kvöld og samkvæmt jafnréttisáætlun átti að nota það tækifæri til að vekja athygli á hinsegin málefnum. Upp komu hugmyndir í tengslum við það. T.d. hengja upp eitthvað af ötila.is, kynnrinn sé með fróðleiksmola og að allir dansi í lokin við lag eins og "Ég er eins og ég er". Karen Hekla tók að sér að fylgja eftir. Í framtíðinni væri ef til vill ráð að hafa alltaf hinsegin viku í sömu viku og Skallinn er.

Upplýst um að umræða hefur verið í gangi í stjórninni um hvort breyta eigi titilum á embættum þannig að þau séu fulltrúar í staðinn fyrir formenn. Þannig séu titlarnir kynlausari. Önnur nemendafélög hafa farið þessa leið. Deildar meiningar og enn í skoðun.

Sara Kristín og Guðmundur Ísak munu skrifa skræðuna í vor. Freyja Rós mun biðla til þeirra að hafa kynjagleraugun uppi.

Jafnréttisáætlun ML er í endurskoðun. Dæmi um það sem verður sett inn; leiðbeiningar á vefsíðu um aðgengi fyrir fatlaða, jafnlaunavottun sem þegar unnið er að og [sjálfsmatskvarðar](#) sem kennarar geta svarað til að skoða hversu jafnréttismiðaðir þeir eru í kennslu (aðgengilegir á vefsíðu). Nemendur hvattir til að koma með ábendingar og hugmyndir ef þeim dettur eitthvað í hug.

Stefnt á að funda með nýrri stjórn sem fyrst eftir kosningar til að kynna jafnréttisstarfið og áætlunina fyrir þeim.

Fundi slitið kl. 15:43.

## Leikritið

Jafnréttisfulltrúi sendi árshátíðarformönnunum eftirfarandi póst 15. Nóvember 2020 á stjórn nemendafélagsins:

Sæl

Í viðhengi er gátlisti sem jafnréttisnefnd hefur þróað fyrir árshátíðarformenn til að auðvelda þeim að setja upp kynjagleraugin í tengslum við leikritið. Einnig er Excelskjal sem sýnir kyngreinda tölfræði sem var tekin saman og hefur verið uppfærð síðustu ár.

Rétt er að minna á listrænt frelsi – ef eitthvað í handritinu virkar ekki vel þá má breyta! Persónur geta jafnvel skipt um kyn ef það þykir til bóta. Leikrit og annað afþreyingarefni getur bæði ýtt undir staðalmyndir og ójafnrétti EDA brotið þær upp og stuðlað að auknu jafnrétti. Fjölmíðlar eru einn félagsmótunaraðilinn og þið getið haft áhrif. Verum meðvituð :) Í tengslum við staðalmyndir má líka gjarnan vera vakandi gagnvart hinsegin, fötlun, líkamsvirðingu, uppruna o.fl.

Skemmtilegt stutt viðtal við Geenu Davis: <https://seejane.org/institute-video/geena-davis-combating-hollywood-sexism-video/>

Með von um góðar viðtökur.

Kær kveðja  
Freyja

*Jafnréttisfulltrúi ML (og stuðningsaðili nemendafélagsins í þeirra jafnréttisstarfi).*

Í kjölfarið komu Laufey Helga og Haukur árshátíðarformenn á óformelgan fund með jafnréttisfulltrúa ML í Turninum og yfirfóru gátlistann sem þau höfðu fyllt út. Það voru gagnlegar umræður og þau gáfu jafnréttissjónarmiðinu góðan gaum. Ekki varð af uppsetningu leikritsins vegna Covid 19.

## Útvarp Benjamín

Tómstundaformaður Mímis, Einar Ísberg, kom með þau tíðindi til jafnréttisfulltrúa ML að í fyrsta skipti væru nú stelpur í meirihluta þáttastjórnenda í Útvarp Benjamín. 17 stelpur en 13 strákar. Það er stutt síðan varla heyrðist kvenmannsrödd á þeirri rás og vafalaust voru eðlishyggjusinnar með skýringar á reiðum höndum. Þær höfðu einfaldlega áhuga á öðrum hlutum eða höfðu ekki sömu hæfileika til að hefja upp raust sína og strákarnir. Eða hvað?

Á árshátíðinni voru veitt verðlaun fyrir bestu þættina:

1. sæti Rósa, Jóhanna og Sara
2. sæti Bjarni, Valdimar og Stefan
3. sæti Anna Katrín og Helga Margrét



## Dansað gegn ofbeldi og sjúk ást

Til stóð að dansa gegn ofbeldi og taka þátt í herferðinni Sjúk ást en því miður varð ekki af því þessu sinni. Hvoru tveggja var samt á dagskrá og í umræðu og skipulagi hjá jafnréttisnefnd Mímis. Fulltrúar úr ML voru í sambandi við Stígamót, fengu varning vegna herferðarinnar og ætluðu að vera með viðburð en Covid19 kom í veg fyrir það. Gott væri að taka upp þráðinn strax í haust og fylgja þessu eftir.

### [Af facebook-síðu Stígamóta:](#)

[Sjúk ást](#) átakið 2020 hefst í dag! Átakið fjallar sem áður um heilbrigð sambönd, mörk og samþykki. Í ár setjum við þó meiri fókus á kynlíf en áður og fjöllum um hvar mörkin milli kynlífs og kynferðisofbeldis liggja og hvernig klám getur ruglað í þessum mörkum. Við hvetjum ungmenni til að tala saman í kynlífi, til að kanna eigin líkama og mörk sem og að hugsa gagnrýnið um það sem sýnt er í klámi.

Við vitum að tæplega helmingur stráka í efri bekkjum grunnskóla horfir á klám einu sinni í viku eða oftar. Það þýðir að þeir þurfa að fá jákvætt mótvægi við kláminu einu sinni í viku eða oftar. Klám er kannski aðgengilegasta „kynfræðslan“ fyrir unglinga í dag en hún er ekki sérlega góð eða uppbyggjandi. Sjúkást átakið í ár er innlegg inn í jákvæða umfjöllun um það hvað gerir kynlíf gott og leiðbeiningar um það hvar mörkin liggja – því þessi mörk eru svo sannarlega óljós í kláminu svo vægt sé til orða tekið.

Myndirnar sem fylgja þessum pósti eru plaköt sem er búið að dreifa í félagsmiðstöðvar og framhaldskóla um allt land. Jafnframt fara þrjú myndbönd í dreifingu sem fjalla um klám, sjálfsfróun og samþykki. Við hlökkum til að taka þetta mikilvæga samtal með ungmennum landsins! ❤️

#sjukast #tölumsaman #njótum




## Skræðan

Hefð hefur skapast fyrir flutningi svokallaðrar skræðu á Dimmissio (tekið skal fram að hefðinni er viðhaldið að frumkvæði nemenda en ekki skólans sjálfs). Einn strákur og en stelpa fá það hlutverk að safna slúðri (og skálda í eyðurnar) um útskriftarnemendur og flytja það í stiganum fyrir allan skólann. Þau tvö fengu eftirfarandi tölvupóst frá jafnréttisfulltrúa ML 24. janúar 2020:

Heil og sæl

Ég frétti að þið munið stýra samningu Skræðunnar í vor og langaði að senda ykkur nokkrar línur sem jafnréttisfulltrúi ML. Það er hefð fyrir Skræðunni og nemendur vilja halda í hana – það er gott og blessað – eða ég veit ekki – allavega... 😊 Þá vil

ég benda á mikilvægi þess að gæta vel að orðavali í svona skrifum. Sérstaklega út frá kynjunum þar sem það gæti verið tilhneyging til að láta hljóma eins og stelpur séu druslur en strákar séu kóngar. Að stelpur „leyfi“ og „bjóði“ en strákar „komist yfir“ eða „ná í“. Þeir séu frekar gerendur en þær séu frekar undirgefnar.

Svo má endilega hafa almennt í huga friðhelgi einkalífs og virðingu fyrir öllu og öllum 

Bestu kveðjur, Freyja femmi

Í febrúar var svo leitað til mín vegna vegna myndasýningar sem haldin var í fyrirlestrarsal eftir aðalfund Mímis. Við eftirgrennslan kom í ljós að hefðin hefur undið upp á sig og nú er sett saman sýning sem varpar ljósi á ástarlíf nemenda yfir veturinn, ekki bara útskritarnema heldur allra í skólanum. Þeim sem áttu hlut að máli var gerð grein fyrir því að þrátt fyrir góðan ásetning hafi ekki allir verið upplýstir um það sem til stóð eða gefið samþykki sitt fyrir myndbirtingunni. Samskiptaráð hittist vegna málsins. Þetta hefði ef til vill þurft að taka lengra og full ástæða er til að vera á varðbergi á næsta ári. Friðhelgi einkalífsins ber að virða og það stenst ekki persónuverndarsjónarmið að birta myndir á opinberum vettvangi þar sem fólk er sett í samhengi sem það kærir sig ef til vill ekkert um (og er ósjaldan upplogið). Nemendur verða að sýna ábyrgð og virðingu. Það er margt skemmtilegt hægt að gera sem skaðar engan. Slúður og drusluskömmun þarf ekki að fá rými í menningu ML-inga.

## Hef gátlistinn

Heilsueflandi framhaldsskóli lætur sig jafnréttismál varða. Á vef embættis landlæknis er vefsvæðið [jafnrétti og kynheilbrigði](#).

Freyja Rós og María Carmen, verkefnastjóri heilsueflandi framhaldsskóla í ML, fóru yfir gátlistann í sameiningu. Niðurstaðan var að við uppfyllum viðmiðin að 63% hluta. Svarað var á varkáran máta þannig að þar sem hægt er að bæta þá verði horft til þess. Sem dæmi um atriði á gátlistanum sem við uppfyllum ekki að neinu leiti er 3.3: *Á fyrsta ári í framhaldsskólanum er foreldrum boðin fræðsla um samskipti og stöðu kynheilbrigðis meðal ungs fólks*, og þó svo að nemendur hafi greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu og þar á meðal hjúkrunarfræðingu í Laugarási (með aðstoð húsbónda og húsfreyju) þá er ekki hægt að segja að við uppfyllum 3.4: *Í skólanum er skólahjúkrunarfræðingur sem unglingar geta leitað til með kynheilbrigðismál*. Gátlisti sem þessi á ekki endilega að stýra starfsemi í okkar skóla, atriðin eiga misvel við, en hann ætti að nýtast vel til að fá hugmyndir og stuðla að framförum.

Í viðauka er gátlistinn í heild sinni.

## Kynjahlutföllí ML á skólanefndarfundi

Á síðustu árum hefur verið sífellt meiri kynjaskekkja í hópi nemenda í ML og hallar svo á strákana að einungis Kvennaskólinn er með meiri skekkju heldur en ML. Raunar var vonast til að um tímabundna, tilviljanakennda sveiflu væri að ræða því árið 2016 (og fyrir það) voru hlutföllin 52% stúlkur og 48% piltar og höfðu verið svo til jöfn fram að því. Halla fór undan fæti árið 2017 þegar hlufall drengja fór í 40% og var svo komið í vetur að þeir voru einungis 28% nemenda (38 piltar en 99 stúlkur). Við höfum verið vakandi fyrir þessari þróun og kynningarnefnd ML, undir stjórn Grímu Guðmundsdóttur, hefur haft það að markmiði að kynna skólann vel fyrir strákum, m.a. með því að hafa karlkyns kennara og nemendur meðal þeirra sem fara í skólaheimsóknir. Á kynningardaginn í nóvember var þess gætt að okkar karlkyns starfsmenn væru vel sýnilegir. En það er flókið að bregðast við þessum vanda og engar skyndilausnir færar.


Í viðauka eru glærur frá skólanefndarfundi 20. maí 2020 þar sem jafnréttisfulltrúi fór yfir gögn og velti fyrir sér stöðunni, orsökum og lausnum. Fundarmenn áttu góða samræðu um stöðuna og hugsanlegar lausnir. Huga þarf að kynjasjónarmiðum þegar námsframboð þróast áfram (m.a. í framboði á valáföngum) og efling íþróttalífs gæti verið til bóta. Vel hefur verið stutt við kór ML og mikil ástæða til að vera stolt af honum en þegar kynjahlutföll í kórum almennt eru skoðuð þá sést að þeir virðast draga að sér fleiri konur heldur en karla (hlutfallslega eru enn færri strákar í kórnum heldur en í skólanum í heild, eða 23%). Mótvægis er kannski þörf. Hvatning, ímynd, fyrirmyndir og umræða skilar oft árangri þegar kemur að jafnrétti kynjanna. ML er að sjálfsögðu bæði fyrir stráka og stelpur! Vonandi tekst okkur að laða þá aftur að í auknum mæli – og raunar bendir aðsóknin fyrir næsta ár til þess að það horfi til betri vegar. Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar fengu glærurnar sendar eftir fundinn.

## Kyngreindar upplýsingar

Áfram er unnið með gagnagrunn í Excel skjali sem vistað er í hópnum *Jafnréttisnefnd* í Office 365. Jafnréttisfulltrúi geymir skjalið líka í fórum sínum. Hér fyrir neðan er töflur og myndir sem sýna kynjahlutföll í nemendahópnum, í hópi starfsfólks og kennara, nefndum og ráðum og stjórn nemendafélagsins.

### Nemendur – kynjahlutföll


Kynjaskekkja í hópi nemenda jókst enn á milli ára. Haustið 2020 voru skráðir 138 nemendur, 38 strákar (28%) og 99 stelpur (72%). Þróun kynjaskiptingar í nemendahópnum hefur síðustu ár hefur verið á einn veg, eins og sjá má á mynd 1. Strákum fækkar hlutfallslega.



Mynd 1

#### Starfsfólk og kennarar – kynjahlutföll


Starfsfólk: 25 konur, 13 karlar (samalt 38). 66%/34%.



Í hópi kennara vor 2020 voru 13 konur og 5 karlar (samalt 18), sem gerir 72% konur og 28% karlar. Hlutfallið er því svo til óbreytt á milli ára því 2019 voru 73% konur 27% karlar. 2018 var 67% konur og 33% karlar í kennaraliðinu.

## Stjórn nemendafélagsin - kynjahlutföll

- Ef borin er saman **kynjaskekkjan síðustu 5 ár** meiðað við heildina 2006-2020 þá kemur í ljós að:
  - Í fjórum embættum er skekkjan meiri heldur en á tímabilinu í heild.
  - Í 6 embættum er skekkjan minni heldur en á tímabilinu í heild.
- Embætti Stallara hefur nú verið skipað strák síðustu tvö árin en stelpu fjögur árin þar á undan.
- Varastallari er nú stallari í fyrsta skipti síðan 2014 og hefur í gegnum tíðina verið hefðbundið stelpuembætti (73% stelpur frá 2006-2020).
- Vef- og markaðsfulltrúi og skemmtinefndarformenn hafa verið mjög hefðbundin strákaembætti en eru nú skipuð stelpum.
- Ýmis embætti eru í hefðbundnum farvegi en munstrið hefur verið brotin upp á síðustu árum í þeim flestum. Mest er íhaldssemin þegar kemur að íþróttiformönnum sem hafa verið strákar í 83% tilvika (2006-2020) og síðustu 9 árin bara strákar.



## Áfram gakk

Það er alltaf af nógu að taka í þessu langhlaupi og jafnréttismál verða að sjálfstöðu áfram á dagskrá í ML. Næsta haust verða rifjuð upp markmiðin sem sett voru í nýju jafnréttisáætlun skólans. Sjúk ást herferðin sem ekki komst af stað í vor verður rifjuð upp. Umræða um „skræðuna“ heldur vonandi áfram.

Sjálfsmatsnefnd ML setti í umbótaáætlun sína að draga úr einelti og fækka þeim sem upplifa að þeir tilheyri ekki hópnun. Það varðar jafnrétti og ef til vill getur jafnréttisnefnd Mímis og fleiri stutt við þá þróun.

Jafnlaunakerfi verður vonandi tekið í notkun næsta vetur og það styður við jafnréttisáætlun ML að vinna með svo markvissum hætti að launajafnrétti.

Unnið verður með gátlista Hef um jafnrétti. Áfram verðum við vakandi fyrir kynahlutföllum í hópi nemenda og kennara. Fundað verður með stjórn Mímis og jafnréttis- og skólaráðsfulltrúum þegar skólastarf hefst að nýju, skerpt á mikilvægi jafnréttisstarfsins og sett markmið fyrir nýtt skólaár.

# Viðauki 1 – Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun Mímis veturinn 2019-2020

Jafnréttisstefna Mímis



Jafnréttisstefna Mímis er að stuðla að jafnrétti á öllum sviðum og leggja áherslu á mikilvægi þess að allir meðlimir Mímis fái notið hæfileika sinna til fulls. Stefna skal að jafnri þátttöku kynjanna í öllu félagslífi í ML í stefnumótun og ákvarðanatöku á öllum sviðum Mímis skal unnið með kynjasambættingu\* í huga. Hverskyns mismunur sem byggð er á aldri, búsetu, fótun, kyni, kynhneigð, lífsskoðunum, menningu, stétt, trúarbrögðum eða þjóðerni er óheimil, í hvaða formi sem hún kann að birtast og skal vinna markvisst gegn slíkri mismunur. Kynbundið ofbeldi eða áreitni\*\* er ekki liðin. Jafnréttisstefna Mímis er fylgt með jafnréttisáætlun.

## Jafnréttisteymi: Skipulag og hlutverk

- Jafnréttisfulltrúar Mímis
  - Skólaráðsfulltrúar eru jafnréttisfulltrúar. Þeir halda utan um og bera ábyrgð jafnréttisstarfi Mímis, í samráði við aðra nemendur.
  - Halda á lofti og kynna jafnréttisstarf Mímis, t.d. á stjórnarfundum og aðalfundi.
- Jafnréttisnefnd Mímis
  - Hver bekkur útnefnir tvo nemendur til að sitja í jafnréttisnefnd.
  - Jafnréttisnefnd tekur þátt í stefnumótun og eftirfylgni í jafnréttisstarfi í félagslífi skólans.
- Jafnréttisfulltrúi ML
  - Leiðbeinir og styður nemendafélagið í jafnréttisstarfi.
- Jafnréttisfundir
  - Haldinn einu sinni að hausti (september) og einu sinni að vori (febrúar/mars).
  - Á fundinum eru boðaðir: jafnréttisfulltrúar, jafnréttisnefnd og stjórn nemendafélagsins.
  - Dagskrá fundar: umræður, farið yfir stöðu mála, markmiðin skoðuð. Að hausti er aðgerðaaætlunin endurskoðuð og sett ný markmið fyrir komandi ár.

## Kynjahlutföll í embættu stjórnar Mímis

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
<b>Hrista upp í hefðbundinni kynjaskiptingu í stjórninni.</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Peppherferð. Ræða við fólk sem væri efnilegt í ákveðin embætti. Brjóta upp kynjaskiptinguna, t.d. stelpur sem íþróttafórnir og stráka sem jafnréttis- og skólaráðsfulltrúa. <i>ath. góðan árangur í tengslum við Útvarp Benjámín.</i></li> <li>2. Hengja upp plaggöt með kynjahlutföllum í stjórninni.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Allir í jafnréttisnefndinni.</li> <li>2. Sindri Bernholt og Freyja Rós.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Fyrir kosningar í vor.</li> <li>2. Í nóvember og svo aftur flottara í janúar/febrúar.</li> </ol>

## Kynfrelsi og ofbeldi

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
<b>Tryggja að kynfrelsi sé í hávegum haft í ML og ofbeldi ekki liðið.</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Óskurkeppnin – í aðdraganda hennar sé rætt við nemendur um að áreitni og ofbeldisfull framganga líðist ekki. Þetta á að vera gaman og engum á að líða illa á eftir.</li> <li>2. Dansað gegn ofbeldi – tókum þátt.</li> <li>3. Sjúk ást – fáum fulltrúa með herfölna til okkar.</li> <li>4. Umræða um Mímig – halda málfund.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Skólaráðsfulltrúar</li> <li>2. Sóldis Fannberg</li> <li>3. Birkir Hreimur og Freyja Ben</li> <li>4. Freyja Rós</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Febrúar.</li> <li>2. Febrúar.</li> <li>3. Febrúar.</li> <li>4. Apríl</li> </ol>

## Fjölmening

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
<b>Ýta undir áhuga á fjölmeningu og virðingu fyrir fólki með ólíkan bakgrunn.</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Vera með viðburð (eða viðburði) á Dagamunni. T.d. matreiðslunámskeið með framandi réttum og fyrirlestra frá fólki úr ólíkum menningarheimum.</li> <li>2. Þýða það sem kemur á skemmtistúss á ensku til að tryggja að nemendur í skólanum sem hafa ekki íslensku sem móðurmál skilji það sem kemur þar inn.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Hjálmar Fannberg og Arnar Svan og dagamunanevnd.</li> <li>2. Vef- og markaðsfulltrúi</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Mars.</li> <li>2. Alltaf þegar eitthvað fer inn á skemmtistúss.</li> </ol>

## Leikritið

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
<b>Leikritin í ML endurspeglir kynin á jákvæðan hátt og stuðli almennt að jafnrétti.</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Senda ársráðgjafarmönnum gátlista og upplýsingar.</li> <li>2. Gangi á eftir því að gátlisti sé fylltur út og kynntur jafnréttisnefnd.</li> <li>3. Kyngreindar upplýsingar teknar saman.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Freyja Rós.</li> <li>2. Freyja Rós.</li> <li>3. Ársráðgjafarmenn.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Nóvember.</li> <li>2. Desember.</li> <li>3. Eftir frumsýningu í vor.</li> </ol>

## Hinsegin málefni

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
<b>Nemendur upplifi að ML sé öruggt rými fyrir hinsegin einstaklinga.</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Dragkeppni verði haldin í vor eins og áður hefur verið.</li> <li>2. Hafa einhverskonar vitundarvakningu í leiðinni um hinsegin málefni, mismunandi kynvitund, kynþjáningu, kynneikenni og kynhneigðir.</li> <li>3. Hugmynd: keppendur og/eða kynir komi með fróðleiksmola. Hengja upp plaggöt og fróðleik.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Sóldis Fannberg</li> <li>2. Karen Hekla</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Þegar dragkeppnin verður haldin.</li> </ol>

## Auglýsingar frá nemendafélaginu

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Eftirfylgni/tími
<b>Auglýsingar sem nemendafélagið, klúbbar o.fl. hengja upp í skólanum séu jafnréttismiðaðar.</b>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Hafa kynjahlutföll og birtingarmyndir kynjanna í huga. Brjóta frekar upp staðalmyndir heldur en að ýta undir þær.</li> <li>2. Ath. líka plaggatið fyrir leikritið í vor.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Stjórn nemendafélagsins. Sérstaklega vef- og markaðsfulltrúi. Setja í leiðarvísun.</li> <li>2. Karen Hekla – talar við ársráðgjafarmenn.</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Alltaf þegar auglýsingar eru hengdar upp/endar.</li> <li>2. Fyrir gerð auglýsingaplakats fyrir leikritið.</li> </ol>

# Viðauki 2 – Kynjahlutföll í ML, glærur af skólanefndarfundi 20. maí 2020




## Kynjahlutföll í ML


### Hvernig er þróunin og hvað veldur?

Skólanefndarfundur 20. maí 2020  
Freya Rós Haraldsdóttir, jafnréttisfulltrúi ML


1




2



3



4



5

## Hugsanlegar skýringar

**Inni áhrifaþættir**

- Skipting háttarinnar
  - Alhlið stíllur og vinnuauki
  - Samfélagsleg ástæður
- Kynningarstarf
  - Áhersla og mynd skólans
  - Félagahétt og lífsstíll
  - Kynjahlutföll í starfslífi
  - Meira alhlið (menna og...barnur, djarnur...)

**Ytri áhrifaþættir**


- Styrking framhaldsskólans
- Íbúðarkennsla
- Áhersla annarra skóla
- Lífið drengja og kynjahlutföll almennt meðal kennara
- Íþróttalið (KÍ o.fl.)
- Umstæður
- Þingskiptingaráhrif þættir
  - Meira hef til áhrifa á?
  - Meira fjöldi og meira til að taka í ML?
  - Éru verk meiri að taka í ML?

Meningin: Karmenniskan

6

Gögn frá hagstofnunni benda ekki til að skýringa sé að leita í ójöfnum kynjahlutföllum almennt í hópi drengja á þessum aldri, á suðurlandi. Þeir hafa verið í kringum 50% - líka fyrir 15-20 árum.

7



8



## Námsframboð?

Fsu	Stúdentsbrátt - Félagsgjafna	12	36	48
	Stúdentsbrátt - Náttúruvísindisfræði	20	28	48

### ML:

Náttúruvísindisbraut  
Félagsvísindisbraut  
Engin íþróttabraut lengur...

Kynjafræði, heimspeki, umhverfisfræði  
En líka forritun o.fl...

9



Starfsfólk: 25 konur, 13 karlar (samtals 38), 66%/34%  
Kennarar: 13 konur, 5 karlar (samtals 18), 72%/28%  
2018: 57/63/3%  
2019: 73/62/27%

10

## Stallarar Mímís

2006	2007	2008	2009	2010
Guðni Pál Pálsson	Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson

2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson	Ólafur Arnarson

Síðustu 10 ár: 5 stákar/5 stelpur  
11 ár þar á undan: 11 strákar/0 stelpur

11

## Íþróttalífið

- Íkí farið.
- Engar hópiþróttir æfðar, sbr. körfuboltinn sem var áður.
- Fótbolti í ML tímum – ekki alla daga eins og var stundum áður.

12

## Kórinn



- Kynjahlutföll í kórum almennt: 65-70% KVK (munnleg heimild, Sigrún Lilja)

13

## Kynjahlutföll í kór MH vor 2020

Rödd	kvk	kk	hán	Samtals
Söpran	25		1	26
Alt	35			35
Tenór	1	9		10
Bassi		18		18
<b>Samtals</b>	<b>61</b>	<b>27</b>	<b>1</b>	<b>89</b>
Hlutföll	69%	30%	1%	100%

14

## Menning – kvenleiki og karlmennska

- Félagsfræðilega sjónarhornið
- Hefur skóli (almennt) kvenlega ímynd?
- Hvernig breytum við menningu?
  - Vitundarvakning
  - Umræða
  - Meðvitund
  - Breytt hegðun/ásýnd – FÉLAGSMÓTUN
    - Hvað er viðurkennt?
    - Hvaða gefur strákum virðingu (meðal jafningja)?
    - Hvaða fyrirmyndir eru til staðar?

15

Hey – þið getið þetta líka!  
Þið eigið að vera með! Leggið ykkur fram!  
Skóli er fyrir ykkur líka!

- Breyttum ekki stallarembættinu eða félagslífinu til að mæta betur stelpum.

- Hvatning – orð hafa áhrif!
- Umræða – fræðsla og upplýsingar!
- Fyrirmyndir!



16

## Viðauki 3 - Jafnréttisáætlun ML 2020-2023

### Jafnréttisstefna Menntaskólans að Laugarvatni

Jafnréttisáætlun Menntaskólans að Laugarvatni byggist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Í 28. grein laganna segir að kynjum skuli ekki mismunað í skólum og öðrum uppeldisstofnunum og þess gætt í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Í 23. grein er kveðið á um fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum. Í lögnum er enn fremur kveðið á um að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf. Í áætlun þessari eru tilgreind markmið, aðgerðir, ábyrgðaraðilar og tímarammi.

Jafnréttisáætlun Menntaskólans að Laugarvatni er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla innan skólans. Menntaskólinn að Laugarvatni telur mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla. Jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna verði einnig virkur þáttur í starfsemi skólans.

Áherslan í þessari jafnréttisáætlun er mest á jafnrétti kynja en það er einnig stefna skólans að unnið sé gegn hvers konar mismunun, svo sem á grundvelli aldurs, fötlunar, litarháttar, uppruna, kynhneigðar eða stöðu að öðru leyti. Markmiðið er að skapa fordómalaust skólaumhverfi.

#### JAFNRÉTTISÁÆTLUN ML 2020-2023

### 1. Jafnréttismiðað skólastarf

Í skólastarfinu skal lögð áhersla á að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu beggja kynja. Áhersla er á að nemendur njóti alhliða menntunar og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga hvers og eins. Lögð skal áhersla á eiginleika hvers einstaklings í hópnum fremur en kynjamun. Mikilvægt er að þjálfa þætti eins og samvinnuhæfni og tillitssemi til að auðvelda ungmönnum að starfa í blönduðum hópum. Leitast verður við að kennslu- og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi/eftirfylgni
Allir nemendur njóti virðingar og sanngirni og verði ekki fyrir mismunun vegna kyns eða annars.	Starfsfólk gæti þess í námi, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur að koma fram við þá af virðingu og sanngirni.	Starfsfólk.	Alltaf.
	Skipulagður viðburður/fyrirlestur um jafnréttismál fyrir nemendur og starfsfólk.	Jafnréttisfulltrúi.	Að minnsta kosti tvisvar á gildistíma áætlunarinnar.

Opna augu nemenda fyrir starfsmöguleikum óháð kyni. Draga úr hugmyndum um að störf skuli flokkast í sérstök kvenna- eða karlastörf.	Nemendur hljóti fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf og sé sérstaklega bent á áhrif menningar og hefða á kynjaskiptingu starfa.	Námsráðgjafi. Lífsleiknikennari. Kynjafræðikennari.	Jafnréttisfulltrúi minnir á með tölvupósti í upphafi skólaárs.
<b>Markmið</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímarammi/eftirfylgni</b>
Hlutfall kynjanna í nemendahópi skólans skal vera sem jafnast.	Í kynningarefni frá skólanum skal gæta þess að höfða jafnt til beggja kynja og velja t.d. myndir jafnt af drengjum sem stúlkum úr skólalastarfinu.	Kynningarnefnd.	Alltaf.
	Þegar nýnemar eru metnir inn í skólann skal velja nemanda af því kyni sem hallar á ef tveir jafnhæfir nemendur sækja um en aðeins er rými fyrir annan þeirra.	Innritunarteymi	Við innritun nýnema að hausti.
	Vegna fækkunar drengja í ML á liðnum árum verður rýnt í kynjahlutföll í framhaldsskólum og hugsanlegar ástæður þróunarinnar.	Verkefnastjóri gæðamála	Kynnt á skólanefndarfundum á vorönn 2020.
	Halda saman upplýsingum um kynjahlutföll í nemendahópnum.	Jafnréttisfulltrúi Áfangastjóri	Í jafnréttisskýrslu árlega. Í annál áfangastjóra á útskrift. Kynnt á kennarafundi í upphafi skólaárs.
Auka jafnréttisvitund nemenda.	Jafnréttissjónarmið fléttuð inn í námsefni og kennslu.	Kennarar.	Jafnréttisfulltrúi minnir kennara á þetta í ágúst og janúar ár hvert.
	Boðið sé upp á sérstakan kynjafræðiáfangu, ef aðstæður leyfa (s.s. varðandi þekkingu og áhuga kennara og rými í stundatöflu).	Skólameistari.	A.m.k. á haustönn eða vorönn.

Kennarar stundi sjálfskoðun á fagmennsku sinni, kennsluháttum og samskiptum með tilliti til jafnréttis.	Svara kennarakvarða á sjalfsmatskvardi.is.	Kennarar og jafnréttisráð.	Að minnsta kosti í október 2021 og aftur í mars 2022. Skrifað um ferlið í jafnréttisskýrslu í júní 2022.
---	--	----------------------------	---

## 2. Launajafnrétti

19. gr. jafnréttislaganna kveður á um launajafnrétti. Jafnframt var jafnlaunavottun lögfest í júní 2017.

Launaákvarðanir byggjast á kjarasamningum og stofnanasamningi í því samhengi skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti. Einnig skulu þau njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár, sbr. 19.gr. laga nr. 10/2008.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi/eftirfylgni
Konur og karlar fá sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Unnið eftir jafnlaunastefnu og laun innan stofnunarinnar greind eftir kyni.  Skólinn innleiði jafnlaunakerfi sem byggir á byggjast á Jafnlaunastaðlinum ÍST 85.	Skólameistari. Verkefnastjóri gæðamála.	Haut 2020. Icert vottunarstofa.
	Ef í ljós kemur munur á heildarlaunum karla og kvenna skal gaumgæfa hvaða ástæður liggja þar að baki. Eru þær málefnalegar?	Skólameistari.	Rýnt með samstarfsnefnd (í tilfalli kennara) eða með fulltrúa viðkomandi stéttarfélags. Hluti af jafnlaunakerfinu.
	Leiðréttá ef óútskýranlegur mismunur kemur fram.	Skólameistari.	Ef launamunur kemur í ljós.
	Fylgst með þróun og breytingum launa á milli ára.	Skólameistari.	Árlega skv. jafnlaunakerfi.
	Vottunina skal endurnýja á þriggja ára fresti.	Skólameistari.	Árið 2023.

### 3. Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Hlutfalli kynjanna í hinum ýmsu störfum innan skólans skal vera sem jafnast. Þess verði gætt að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis við úthlutun verkefna, tilfærslu í störfum, tækifæra til að axla ábyrgð og framgang í störfum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi/eftirfylgni
Karlur og konur hafi jafna möguleika á störfum við skólann.	Í starfsauglýsingum skulu störf ókyngreind og þess gætt að hafa bæði kynin í huga við gerð auglýsinga.	Skólameistari.	Alltaf þegar auglýstar eru lausar stöður.
	Halda saman upplýsingum um kynjahlutföll í hópi kennara og starfsfólks.	Jafnréttisfulltrúi.	Tekið saman í jafnréttisskýrslu árlega.
	Sæki tveir jafnhæfir einstaklingar um starf við skólann skal velja einstakling af því kyni sem hallar á.	Skólameistari.	Alltaf þegar ráðið er í störf.
	Litið skal til kynjahlutfalla þegar skipað er í nefndir og ráð innan skólans.	Tilnefningaraðilar t.a.m. verkefnastjórar.	Alltaf þegar skipað er í nefndir og ráð. Kynjahlutföll í nefndum tekin saman í jafnréttisskýrslu árlega.

#### 4. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Konum og körlum skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu með sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við á. Í þessu sambandi skal bæði tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa skólastarfsins, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi/eftirfylgni
Vinnutími sé sveigjanlegur.	Ábyrgð á undirbúningsvinnu sé hjá kennurum, óháð stund og stað.	Skólameistari.	Alltaf.
Yfirvinnu sé stillt í hóf.	Ekki sé þrýst á starfsfólk að taka að sér yfirvinnu. Ef aukavinna skapast má bjóða starfsfólki að bæta henni á sig en því ber engin skylda til að samþykkja það. Þetta skal upplýsa fólk um þegar það er beðið um að bæta á sig vinnu.	Skólameistari.	Alltaf.
Fundarhöld séu á dagvinnutíma.	Fundir skulu skipulagðir á dagvinnutíma, nema sérstök ástæða sé til annars.	Sá sem skipuleggur fundi hverju sinni.	Alltaf.
Réttur til fæðingarorlofs sé nýttur, jafnt af konum sem körlum.	Starfsfólk sé hvatt til að nýta fæðingarorlofsrétt sinn.	Skólameistari.	Sérstaklega kynnt nýjum starfsmönnum, sem og verðandi foreldrum.

## 5. Starfsandi og líðan

Lögð er áhersla á góða líðan og góðan starfsanda í skólanum. Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og sæti ekki kynbundinni eða kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi.

Samkvæmt orðskýringum í 2 gr. laga nr. 10/2008 er kynferðisleg áreitni skilgreind svo: „*Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.*“

Kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum. Mikilvægt er að einstaklingar upplýsi um það verði þeir fyrir áreitni eða einelti og geti verið fullvissir um að slíkt er tekið alvarlega. Sá sem verður fyrir kynferðislegri áreitni eða annars konar ofbeldi getur leitað til umsjónakennara, trúnaðarmanns, námsráðgjafa, aðstoðarskólameistara eða skólameistara sem finna málinu farveg. Brugðist skal skjótt við og atvik metin í samráði við þá er málið varðar og utanaðkomandi ráðgjafa ef með þarf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi/eftirfylgni
Skólinn viðhaldi skýrri stefnu í því hvernig tekið er á málum ef upp kemur kynferðisleg áreitni eða ofbeldi.	Vinna eftir og yfirfara regulega áætlun um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, ofbeldi og einelti.	Samskiptaráð – þ.á.m. námsráðgjafi og jafnréttisfulltrúi.	Stefna yfirfarin að minnsta kosti í nóvember ár hvert.
Auka þekkingu á hvað, einelti, klámvæðing og kynferðisleg áreitni er og hvernig er hægt að sporna gegn henni.	Hafa fræðslu um einelti og kynferðislega áreitni. Vekja sérstaklega athygli á stefnu skólans í þessum efnunum.	Kynjafræðikennari (einnig félagsfræðikennari). Umsjónarkennarar. Jafnréttisfulltrúi.	Í kennslustundum í viðeigandi námsfögum og umsjónartímum (skv. gátlista f. umsjónarkennara). Alltaf á skólafundi í september eða í tölvupósti til starfsfólks í október.
Nemendum og starfsfólki líði vel og starfsandi og starfsandi og skólabragur sé jákvæður.	Fylgst með líðan og starfsanda með þátttöku í Framhalds-skólapúlsinum, Ungt fólk og Stofnun ársins.	Sjálfsmatsnefnd.	Þegar unnið er úr niðurstöðum kannana (t.a.m. í skýrslu sjálfsmatsnefndar) skulu upplýsingar greindar eftir kyni þegar við á.

## 6. Félagsstarf nemenda

Félagsstarf nemenda er öflugt í Menntaskólanum að Laugarvatni. Vert er að skoða félagsstarf með kynjagleraugum og setja fram áætlun um jafnrétti kynjanna innan þess. Jafnréttisráð og skólayfirvöld beita sér fyrir því að nemendafélagið MÍMIR hafi skýra jafnréttisstefnu og virka jafnréttisáætlun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi/eftirfylgni
Tryggja að jafnréttismál verði áfram á dagskrá nemendafélagsins.	Halda fund með jafnréttisnefnd nemendafélagsins og stjórn nemendafélagsins þar sem farið er yfir jafnréttisáætlunina þeirra, stöðu mála og markmið fyrir komandi vetur.	Jafnréttisfulltrúi.	Í september og mars á hverju skólaári. Umfjöllun um þetta í jafnréttisskýrslu ár hvert.
	Nýta facebook-hóp jafnréttisnefndar Mímis til að halda á lofti samþættingu jafnréttismála í þeim verkefnum sem nemendafélagið tekur sér fyrir hendur. Halda áfram virku samstarfi við jafnréttisfulltrúa Mímis og funda þegar tækifæri gefst til.	Jafnréttisfulltrúi.	Alltaf. Umfjöllun um þetta í jafnréttisskýrslu ár hvert.
	Nefna jafnréttismál á fundi með stjórn nemendafélagsins.	Skólameistari	Í upphafi hvers skólaárs og við stjórnarskipti að vori.

## 7. Aðgengi fyrir fatlaða

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi/eftirfylgni
Auðvelda hreyfihömluðu (fötlðu) fólki að leggja mat á aðgengi í skólahúsnæði og á heimavistum.	Taka ljósmyndir og setja inn lýsingar á aðgengi. Hvar eru hindranir? Hvar er lyfta? Hvar er rampur? Hvar er ekki hægt að komast?	Skólameistari vinnur málið með ríkiseignum og umsjónarmanni fasteigna.	Í síðasta lagi fyrir lok skólaárs 2023.



## 7. Eftirfylgni og endurskoðun

Starfandi er jafnréttisfulltrúi Menntaskólans að Laugarvatni sem hefur yfirumsjón með eftirfylgni og endurskoðun jafnréttisáætlunar. Jafnréttisfulltrúi starfar í samráði við aðra starfsmenn og setur á fót nefnd. Í nefndinni situr skólameistari og tveir starfsmenn skólans. Hlutverk nefndarinnar er að framfylgja jafnréttisáætluninni og vinna að endurskoðun hennar. Jafnréttisráð fjallar einnig um mál sem upp kunna að koma varðandi brot á jafnréttisáætlun skólans. Telji starfsmaður eða nemandi að reglur um jafnrétti séu brotnar innan skólans eða að farið sé á svig við jafnréttisáætlun skólans, skal hann leita til jafnréttisfulltrúa og jafnréttisnefndar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi/eftirfylgni
Jafnréttisáætlun ML sé í sífelldri þróun og endurskoðun.	Jafnréttisáætlun endurskoðuð og metin á þriggja ára fresti. Samráð haft við starfsfólk og nemendur. Aðkoma jafnréttis- og skólaráðsfulltrú og jafnréttisnefndar Mímis æskileg.	Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisráð.	Endurskoðun hafin vor 2023. Ný áætlun samþykkt áður en skólaárið 2023-2024 hefst.
Meðvitund sé um jafnréttisáætlun skólans meðal nemenda og starfsfólks.	Áætlunin birt á vef ML, kynnt á póstlistum starfsmanna og nemenda.	Jafnréttisfulltrúi í samstarfi við skólastjórnendur.	Í september ár hvert.
Jafnréttisumræðu haldið lífandi, jafnréttisstarf markvisst og stöðugt í deigluinni.	Haldnir reglulegir fundir þar sem kynjasambætting í skólastarfinu er rædd.	Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisráð.	Í október og í febrúar ár hvert.
Fylgjast með því hvort jafnréttisáætlun skili tilætluðum árangri.	Skrifuð skýrsla um stöðu jafnréttismála ár hvert. Var áætluninni fylgt á liðnu skólaári? Hvað var gert og hvað hefur áunnist?	Jafnréttisfulltrúi í samvinnu við jafnréttisráð.	Í júní ár hvert.
	Setja upp gátlista fyrir gildandi áætlun til að vinna eftir og birta í jafnréttisskýrslu.	Jafnréttisfulltrúi.	Júní 2020.

Samþykkt 7. febrúar 2020.

## Viðauki 4 - Gátlisti Hef fyrir jafnrétti og kynheilbrigði

- 1.1 Í stefnu skólans er fjallað um jafnrétti og kynheilbrigði.
- 1.2 Stefnan er sýnileg og aðgengileg nemendum og starfsfólki og foreldrum, t.d. á heimasíðu skólans.
- 1.3 Skólastjórnendur vinna að aðgerðaráætlun í samráði við annað starfsfólk og nemendur vegna jafnréttis og kynheilbrigðis.
- 1.4 Skólinn hefur viðbragðsáætlun ef upp koma mál er varðar jafnrétti og/eða kynheilbrigði.
- 1.5 Skólastjórnendur gæta þess að kynjahlutfall í stjórn nemendafélags, ráðum og nefndum á vegum skólans sé í samræmi við hlutföll innan skólans.
- 1.6 Skólinn hefur viðbragðsáætlun til að takast á við ójafnt kynjahlutfall í stjórnnum, ráðum og nefndum innan skólans.
- 1.7 Skólinn hvetur kennara til að nýta tækifæri til endurmenntunar um jafnrétti og kynheilbrigði.
- 2.1 Að minnsta kosti einn áfangi um kynjajafnrétti er í boði á hverri önn.
- 2.2 Í heilsueflingarstarfi á vegum skólans er sjónum beint að hegðun en ekki holdafari og virðing er borin fyrir ólíku útliti, líkamsvexti, áhuga og getu nemenda.
- 2.3 Þess er gætt að virðing er borin fyrir margbreytileika og menningu þeirra sem eru af erlendum uppruna.
- 2.4 Þess er gætt að heilsueflingarstarf innan skólans ýti ekki undir megrun, útlitsdýrkun, fitufordóma, kynjastaðalmyndir, fötlunarfordóma eða aðra óæskilega þætti.
- 2.5 Orðfæri og framkoma starfsfólks einkennist af virðingu fyrir fjölbreytileika m.t.t. kyns, holdafars, kynhneigðar, kynvitundar, uppruna, aldurs, þjóðernis, fötlunar, o.s.frv. Lögð er áhersla á að nemendafélag skólans sé fyrirmynd hvað varðar mannvirðingu, jafnrétti og jákvæð samskipti.
- 2.6 Umsóknir og kosningar í ráð og nefndir nemenda eru gagnsæjar, opnar og aðgengilegar öllum á vefsíðu nemendafélags og skólans.
- 2.7 Kosnir fulltrúar í nemendastarfi fá þjálfun og handleiðslu til að sinna störfum sínum í þágu nemenda.
- 2.8 Í skólanum er virkt nemendalýðræði og leitast við að hafa samráð við nemendur varðandi ýmsa þætti skólastarfsins, til dæmis tilhögun prófa og verkefna, samskiptareglur sem eiga að ríkja innan skólans o.fl.
- 2.9 Í skólanum starfar virk jafnréttisnefnd þar sem nemendur og kennarar eiga sæti.
- 2.10 Í skólanum er virkt tengslanet milli erlendra skiptinema/þeirra sem hafa búið stuttan tíma á landinu og íslenskra nemenda sem hefur það að markmiði að stuðla að auknum samskiptum og vináttu milli nemenda frá ólíkum menningarhópum.

3.1 Nýnemar fá kennslu um kynheilbrigði, bæði félagslega og líffræðilega þætti í að minnsta kosti 6 klukkustundir.

3.2 Smokkasjálfsalar eru til staðar í skólanum og þeim er haldið við með reglulegu eftirliti til að tryggja greitt aðgengi að smokkum.

3.3 Á fyrsta ári í framhaldsskólanum er foreldrum boðin fræðsla um samskipti og stöðu kynheilbrigðis meðal ungs fólks.

3.4 Í skólanum er skólahjúkrunarfræðingur sem unglingar geta leitað til með kynheilbrigðismál.

3.5 Árlega er haldinn þemadagur um kynheilbrigðismál.